


## Karellen




Karellen er samskipta og upplýsingaforrit sem leikskólinn notar en það reka hinnir sömu og Mentor. Foreldrar fá aðgang hjá deildarstjóra sínum í aðlögunarvikunni. Fyrst þarf að skrá sig inn í gegnum tölvu og í kjölfarið er gott að ná í Karellen—smáforritið í Playstore eða hjá Apple.

Kerfið heldur utan um mætingu - veikindi og fri. Foreldrar geta tilkynnt veikindi barns síns í gegnum kerfið og gefið skýringu á veikindunum í texta s.s. flensa, hlaupabóla o.s.frv.

Foreldrar geta sent kennurum deildar skilaboð - athugið að allir kennarar leikskólans sjá skilaboðin - ekki einstaka kennari.

Eigi ákveðinn kennari að fá skilaboð frá foreldri má nýta tölvupóst viðkomandi.

Myndir verða merktar ykkar barni svo aðrir sjá ekki þær ekki, nema fleiri börn séu merkt á myndinni.



## Undraland.is

Á heimasíðu skólans er að finna allar nánari upplýsingar um skólann, svo sem skólanámskrá, foreldrahandbók og upplýsingar um okkar helstu stöðir.



## Hvenær getur barnið komið í leikskólann eftir veikindi?

Hér er á ferðinni hin klassíska spurning, að vera eða ekki vera.

Á vef Heilsugæslu Reykjavíkur eru þessi viðmið sett fram sem við gerum að okkar:

Barn á ekki að koma í leikskólann ef:

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar; slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.
- Barnið er í sóttkví, einangrun eða bedið er niðurstöðu sýnatöku.

Veikindi leikskólabarna:

- Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.

**Leikskólabörn skulu að jafnaði vera hress og hitalaus í að minnsta kosti sólarhring, áður en þau koma aftur í leikskólann.**

Leikskólinn Undraland, Flúðum



▶ **Velkomin með barnið ykkar til okkar í Undraland**



Umhverfi og umhyggja

## Skólastarfið byggir á góðu samstarfi við foreldra

Enginn þekkir barnið eins vel og foreldrar þess og því er mikilvægt hafa fjölbreytt og gott samstarf.

Til dæmis með:

- \* Kynningu að hausti á leikskólastarfinu
- \* Skipulögðum foreldrasamtölum
- \* Foreldrafélagi Undralands
- \* Daglegu samtali
- \* Fréttabréfum
- \* Vikupóstum deildarstjóra



Pannig byggist upp sameiginleg þekking á barninu sem er svo mikilvæg í vexti og þroska þess.

Mikilvægt er að foreldrar komi á framfæri öllu því sem þeir telja mikilvægt fyrir leikskólann að vita. T.d. um hæfileika þess, áhugamál og styrkleika ekki síður en veikleika.

Það er líka gott að vita um áhugamál fjölskyldunnar, nánustu aðstandendur og fleira skemmtilegt sem hægt er að ræða og fjalla um í leikskólanum.

Undraland er fámennur leikskóli og við reynum að nýta kosti þess sem allra mest.

### Aðlögun

Í upphafi vistunar er svokölluð aðlögun, en hún tekur alla jafna 4 daga þar sem foreldri og barn eru saman í leikskólanum.

Fyrsta daginn, venjulega á mánudegi er viðtal deildarstjóra og foreldra og stutt heimsókn inn á deild. Um 2 klst.

Annar daginn kemur barnið með foreldr kl. 9:00 og er fram yfir hádegismat. Um 3–4 klst.

Þriðja daginn er barnið fram yfir hvíldina sem er í kjölfar hádegisverðar. Um 6 tímar eftir því barnið sefur lengi. Foreldrar leggja barnið til svefns.

Fjórða daginn er barnið sem lengst í leikskólanum.

Fimmta daginn dvelur barnið án foreldra.

Í aðlögunarvikunni fær foreldri afhent skóladaðgatal og skrifað er undir hvernig og hvort notkun mynda af barninu sé leyfileg.

### Dagsskipulagið í grófum dráttum.

Leikskólinn opnar 7:45 og er til 16:00 alla daga nema föstudaga, þá til 15:00.

8:15–8:45.	Morgunverður
9:00–9:30	Ávaxtastund og málörvun
9:30–10:45	Útivist/skipulagt starf/frjáls leikur
10:45–11:00	Söngstund
11:00–11:30	Hádegisverður
11:30–14:00	Hvíld–svefn úti
14:30	Síðdegishressing
Til 16:00	Frjáls leikur

### Föt og búnaður

Við í Undralandi förum mikið út og því er mikilvægt að á mánudegi komið mikið af hlýjum og góðum fötum með í leikskólann. Sjaldan er of mikið af vettlingum og gott er að hafa auka húfur með líka enda er veðrið alls konar. Enn sem komið er þurfa

foreldrar að koma með bleyjur og blautklúta fyrir börnin sín. **Munið að merkja allan klæðnað vell!**

Vagna og allan búnað til að sofa með þurfa foreldrar að koma með. Vagna er hægt að geyma í leikskólanum en öll fót fara heim á föstudögum og aftur í leikskólann á mánudag.

Skilaboð eru send heim ef eitthvað vantar, í gegnum samskiptaforritið Karelenn.



### Gott að kynna sér

Hún Bína er stúlka sem við höfum með okkur hér í leikskólanum til þess að kenna okkur góða siði. Við nýtum tákni með tali og leggjum drögin að vinnu með Lubba. Blær er félagi okkur og kennir okkur um gildi vináttu og góðra samskipta.

Foreldrar eru hvattir til þess að kynna sér vel þessa skólafélaga okkar!



Leikskólinn Undraland,  
Flúðum

845 Flúðum

Undraland.is

undraland@undraland.is

480 6620

7686600